

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
smiðju við Tjarnargötu
101 Reykjavík

SENT Á UMSAGNAGÁTT

Reykjavík, 21. október 2025

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnu í neytendamálum til ársins 2030, 115. mál

Félag atvinnurekenda (hér eftir „FA“) vísar til umsagnarbeiðni allsherjar- og menntamálanefndar, dags. 10. október sl., um ofangreint mál á þingskjali 115. FA hefur nú þegar veitt umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnu í neytendamálum til ársins 2030 (hér eftir „tillagan“) bæði til allsherjar- og menntamálanefndar á síðasta löggjafarþingi sem og á samráðsgátt stjórnvalda. FA telur að margar af þeim athugasemdum sem fram komu þá eigi eins vel við nú, sem og nýjar athugasemdir. Af þeim sökum ítrekar félagið fyrri umsögn sína og gerir einnig eftirfarandi athugasemdir:

Framtíðarsýn

FA tekur undir að hér á landi verði traust umgjörð neytendamála sem stuðli að virkri samkeppni. Sem hluti af því telur FA mikilvægt að benda á að gullhúðun Evrópureglna, sem leggst á íslenskt atvinnulíf, getur dregið úr alþjóðlegri samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja. Það er mikilvægt að löggjafinn hugi að þessu samhliða tillögunni svo meginmarkmiðið um skýra framtíðarsýn verði tryggt. FA þykir vanta upp á að undirstrikað sé að ekki sé ætlunin að ganga lengra í þýngjandi kröfum gagnvart fyrirtækjum en gert er annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Endurskoðun löggjafar til að efla neytendavernd

Líkt og kemur fram í fyrri umsögnum fagnar FA áherslum í áætluninni um eflingu réttar neytenda, einföldun regluverks og aukna skilvirkni og skýrleika reglna á sviði neytendamála. Athugasemdir FA snúa annars vegar að frumvarpi til nýrra markaðssetningarlaga og hins vegar að málsóknarheimildum.

Atvinnuvegaráðuneytið kynnti til samráðs drög að frumvarpi til markaðssetningarlaga 23. september sl. og skilaði FA inn umsögn vegna draganna. FA vísar í þessum efnum til þeirrar umsagnar sem félagið skilaði inn vegna draganna.¹

Hvað málsóknarheimildirnar varðar þá hefur FA áður gert athugasemd varðandi þær, sem m.a. er tekið fram í samráðskafla í greinargerð með tillögunni þó ekki sé farið neitt nánar út í hvað í athugasemdinni fólst. Er hún því ítrekuð hér með:

Í texta tillögudraganna er vikið að málsóknarheimildum neytenda en í greinargerð vantar alla umfjöllun um hvaða lagabreytingar gætu þar verið á ferð. FA og ýmis önnur samtök hafa bent á

¹ Sjá umsögn FA hér: <https://samradapi.island.is/api/Documents/d64de413-60a3-f011-9bd0-005056bcce7e>

að á Íslandi er erfiðara fyrir jafnt neytendur sem fyrirtæki að sækja bætur vegna samkeppnisbrota en í ýmsum nágrannalöndum okkar. Í Evrópusambandinu var samþykkt árið 2014 löggjöf, sem hafði það markmið að samræma reglur aðildarríkjanna um skaðabætur vegna samkeppnisbrota og auðvelda aðilum sem beðið hafa tjón vegna slíkra brota að sækja rétt sinn. Þetta er tilskipun 2014/104/ESB. Hún styrkir rétt neytenda og fyrirtækja á ýmsum sviðum, inniheldur t.d. reglur sem bæta stöðu óbeinna tjónþola.

Ekki hefur náðst samstaða um að taka tilskipunina upp í EES-samninginn, m.a. vegna tæknilegra atriða sem snúa að afhendingu upplýsinga á milli samkeppnisyfirvalda í EFTA og ESB-ríkjum. Fyrir þingkosningarnar 2021 spurðu Neytendasamtökin stjórnmalaflokkana skriflega hvort þeir vildu innleiða tilskipunina eða setja sambærileg lög. Mismunandi var hvort flokkarnir vildu innleiða tilskipunina, en allir vildu þeir styrkja rétt neytenda með sambærilegri löggjöf. Að mati FA er full ástæða til að klára þetta mál og setja á dagskrá setningu löggjafar, sem veitir íslenskum neytendum og fyrirtækjum sambærilegan rétt að þessu leyti og tíðkast í ríkjum Evrópusambandsins.

Stofnanaumgjörð neytendamála

Líkt og í fyrri umsögnum sínum lýsir FA yfir áhyggjum vegna mögulegrar sameiningu Neytendastofu og Samkeppniseftirlitsins. Báðar stofnanir spila veigamikil hlutverk í íslensku samfélagi og sinna mismunandi verkefnum. Ekki virðist sem tekið hafi verið tillit til þessa og er því enn fjallað um mögulega sameiningu stofnanana tveggja í núverandi tillögu. FA vill enn og aftur ítreka og minna á að á sínum tíma var ákveðið að aðskilja samkeppnis- og neytendaeftirlit til þess að gera eftirlit með samkeppnishömlum skilvirkara. Er það mat félagsins að það hafi verið rétt ákvörðun.

Með sameiningu Neytendastofu og Samkeppniseftirlitsins er hætt á að önnur hvor stofnunin, eða jafnvel báðar, verði af þeim mikilvægu skyldum og verkefnum sem þær gegna núna. FA bendir m.a. á það sjálfstæða hlutverk, sem Samkeppniseftirlitið hefur gagnvart stjórnvöldum, þ.e. að benda þeim á leiðir til að gera samkeppni virkari og auðvelda aðgang að mörkuðum, heimildir Samkeppniseftirlitsins til aðgerða gagnvart opinberum aðilum, heimildir til að beina álit til stjórnvalda ef ákvæði laga eða stjórnvaldsfyrirmæla stríða gegn samkeppnislögum og heimild eftirlitsins til að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað samkeppnisstarfsemi opinberra aðila og starfsemi sem byggir á opinberri vernd eða einkaleyfi. Þessar heimildir eru mikilvægar, því að það eru oft og iðulega stjórnvöld sjálf, sem eru stærsti þröskuldurinn í vegi virkrar samkeppni á tilteknum mörkuðum eins og félagsmenn FA hafa margoft rekið sig á. Tryggja þarf að þessu hlutverki sé sinnt af krafti og með sjálfstæðum hætti.

FA vill jafnframt taka undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með tillögunni að mikilvægt sé að tryggja að stjórnvöld á sviði neytendamála geti uppfyllt lögbundin verkefni sín með fullnægjandi og sjálfstæðum hætti og styður félagið það heilshugar. Þá leggur félagið áherslu á að eftirlitsstofnanir á sviði neytenda- og samkeppnismála séu vel fjármagnaðar enda sé það bæði í hag fyrirtækja sem og neytenda. Telur félagið að hætt sé við að þessi markmið verði fyrir bí ef sameina eigi Neytendastofu og Samkeppniseftirlitið.

Áhersla á netviðskipti og stafvæðing á sviði neytendamála

Líkt og kemur fram í tillögunni er stafvæðing nú þegar að breyta lífi neytenda og æ hærra hlutfall keyptrra vara fer fram í gegnum netviðskipti. FA telur því mikilvægt að settar verði skýrar reglur svo atvinnurekendur átti sig á því hvaða kröfur eru gerðar til þeirra er varða netviðskipti. Hingað til hefur löggjöf er varðar neytendakaup verið fremur óskýr og óaðgengileg, bæði fyrir neytendur og atvinnurekendur, og mikilvægt er að ráða bót á því.

Græn umbreyting í neytendamálum


FA vísar hér til fyrri umsagnar og ítrekar það sem kom fram er varðar græna umbreytingu og sjálfbærni:

Í greinargerð tillögudraganna er vísað til áherslu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins á að tryggja evrópskum neytendum sjálfbærar vörur á markaði og betri upplýsingar til að geta tekið upplýstar ákvarðanir. FA vill í þessu samhengi vekja athygli á því starfi sem unnið hefur verið á vettvangi fyrirtækisins GS1 Ísland, þar sem fram fer uppbygging gagnalaugar með margvíslegum upplýsingum um alls konar vörur. Með því að tengja snjalltækjaapp við gagnalaugina er hægt að opna neytendum aðgang að margfalt meiri upplýsingum um vörur en rúmast á umbúðum eða hillumerkingum, t.d. um uppruna, framleiðsluferla og vottanir, þar á meðal varðandi sjálfbærni. Stjórnvöld hafa sýnt möguleikum þessarar tækni lítinn áhuga, en að mati FA er full ástæða til að stefnumótun í neytendamálum taki mið af þróun hennar og þeim tækifærum sem í henni felast.

Lokaorð

Að mati FA er fjölmargt í tillögunni sem er skref í rétta átt og ber að fagna. Þrátt fyrir það eru þó nokkur atriði sem, að mati félagsins, ber að varast, eða a.m.k. rannsaka gaumgæfilega áður en ráðist er í breytingar. Þá vill félagið einnig leggja áherslu á að breytingar verði gerðar að höfðu samráði við atvinnurekendur sem, oftar en ekki, eiga jafnmikið undir skýrri og skilvirkri neytendalöggjöf og neytendur sjálfir.

Virðingarfyllst,



Birta Sif Arnardóttir, lögfræðingur